



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 5. apríl 2023
Tilvísun: 2023030104

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Umsögn ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að dómismálaráðherra setji á stofn starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa barnaverndaryfirvalda, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættanna. Starfshópnum verði m.a. falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálayfirvalda og lögreglu og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Lagt er til að ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins eigi síðar en í júní 2023.

Ríkislögreglustjóri telur mikilvægt að styrkja heimildir fyrir barnavernd, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skóla og lögreglu til að miðla upplýsingum sín á milli og vinna þverfaglega saman að öryggis- og aðgerðaáætlun til að vernda brotþola heimilisofbeldis gegn ítrekuðu hættulegu ofbeldi.

Skýr skylda hvílir á stjórnvöldum skv. Mannréttindasáttmála Evrópu að vernda rétt fólks til lífs (2. gr.) og gegn pyndingum (3. gr.). Á þeim grunni hvílir m.a. samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn). Í 18. gr. Istanbúlsamningsins segi að aðildarríki eigi að tryggja samvinnu, með lagasetningu eða öðrum hætti réttarvörslukerfisins, stað- og svæðisbundinna stjórnvalda, fjálsra félagasamtaka og annarra aðila, í því skyni að vernda og styðja þolendur og vitni að öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa. Um þetta fjallar m.a. dómur Mannréttindadómstólsins í máli Kurt gegn Austurríki, 15. júní 2021 (62903/15). Þar er komið inn á almennar skyldur stjórnvalda að tryggja samþætta þjónustu við þolendur, skjóta upplýsingagjöf og skilvirka samhæfingu þvert á yfirvöld og meta áhættu, ekki hvað síst hvað varðar börn.

Í úttektarskýrslu Grevio, eftirlitsnefndar með framkvæmd Istanbúlsamningsins á Íslandi segir: „Grevio hvetur eindregið til að: a) komið verði á svæðisbundnu og kerfislegu samstarfi milli stofnana þar sem tryggð verði aðkoma heilbrigðiskerfis og fjálsra félagasamtaka sem vinna með þolendum, b) komið verði á þverfaglegum áhættumatsfundum fyrir þolendur í hættu á ítrekuðu og lífshættulegu ofbeldi.

Þegar hafa verið tekin mikilvæg skref í þessa átt. Með lögum nr. 50/2021 var bætt við nýrri mgr. við 11. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 svohljóðandi: „Lögregla skal, eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila við lögreglurannsóknir, framkvæmd löggæslu og önnur verkefni. Er lögreglu og samstarfsaðilum heimilt að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.“

Í 3. mgr. 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 segir að: „Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.“ Þar undir fellur m.a. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu til barnaverndarþjónustu. Vakin er hér athygli á því að Alþingi hefur til meðferðar frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á 3. mgr. 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, tilkynningar um heimilisofbeldi, mál nr. 856.

Þá hafa verið styrkt verkefni til þróa þverfaglegt samráð til að vernda þolendur ofbeldis. Má þar nefna þróunarverkefni í Vestmannaeyjum vegna fjölskyldu- og forsjármála undir forystu sýslumannsins í Vestmannaeyjum sem félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra styrktu¹ og ákvörðun dómsmálaráðherra um veita lögregluembættum sem hafa beina aðkomu að stjórnun þjónustumiðstöðva styrk til að þróa áfram þverfaglegt og svæðisbundið samstarf í því skyni að efla stuðning og vernd brotþola.²

Ríkislögreglustjóri telur rétt að benda á að ekki má finna skýrar lagaheimildir né skyldu fyrir gagnkvæmri upplýsingamiðlun eða þverfaglegu samstarfi starfsmanna félagsþjónustu við lögreglu, barnavernd, heilbrigðisþjónustu eða skóla til að vernda þolendur heimilisofbeldis gegn ítrekuðu hættulegu ofbeldi. Þátttaka starfsmanna félagsþjónustu í útköllum lögreglu vegna heimilisofbeldis hefur því byggt á samþykki brotþola og samstarfsvilja einstakra sveitarfélaga.

Líkt og ráða má af ofangreindu er hér um að ræða málefni sem varðar og snertir mörg málefnasvið. Helsta ábending embættisins er varðar efni tillögunnar snýr að verkaskiptingu milli ráðherra og samræmingarhlutverk forsætisráðherra skv. lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Þar segir í 8. gr.: „Forsætisráðherra ber að gæta þess að verkaskipting á milli ráðherra, sbr. 4. gr., sé eins skýr og kostur er. Ráðherrar skulu leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Forsætisráðherra skal beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda.“ Því kann að vera rétt að fela forsætisráðherra þetta verkefni.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

Eygló Harðardóttir

Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir

¹ Vefsíða Stjórnarráðs Íslands, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/18/Syslumadurinn-i-Vestmannaeyjum-styri-tilraunaverkefni-um-ad-efla-og-throa-samvinnu-a-velferd-og-hogum-barna/>

²Vefsíða Stjórnarráðs Íslands, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/12/07/Greining-ummin-a-thjonustumiðstodvum-fyrir-tholendur-ofbeldis/>

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI